

Kennari:	Sigurrós Ragnarsdóttir
Áfangi/fag:	UPPT1GR00 - Grunnur í upplýsingatækni

Stutt lýsing

Þátttakendur fá þjálfun í grunnatriðum tölvunotkunar, s.s. skjalaumsjón þ.á m. í skýinu, notkun tölvupósts, prentun þ. á m. rafrænni, notkun ókeypisskrifstofuforrita í skýinu (ritvinnslu, töflureiknis, kynningarforrits, dagbókar) ásamt samnýtingu skývistaðra skjala, svo og skipulegri umgengni um Windows stýrikerfi og tölvuumhverfi. Inn í þetta er skotið kynningum á verkfærum sem nýtast við að læra fingrasetningu og myndvinnslu.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Vistun og umhirðu skjala í tölvu, á staðarneti og í skýi.
- Notkun tölvupósts þ.m.t. sendingum og móttöku tengla og viðhengja.
- Prentun skjala á pappír og með rafrænu sniði.
- Tilvist og notagildi ókeypisskrifstofuforrita í skýi sem getur nýst í einkalífi, námi og starfi.
- Ýmsum hagnýtum valkostum í nýtingu tölvunnar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vista og flokka skjöl í möppur á tölvu, á staðarneti og í skýi.
- Senda og svara tölvupósti. Taka á móti og senda viðhengi.
- Prenta skjöl með forskoðun og á pappír og rafrænt snið.
- Nota ritvinnslu, töflureikni, kynningarforrit og dagbók í skýi til að leysa einföld hagnýt verkefni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Geta valið viðeigandi verkfæri til að leysa hin ýmsu verkefni sem falla til í námi og starfi. Aflað sér frekari þekkingar og færni í upplýsingartækni. Eftir þennan áfanga geta nemendur valið um að halda áfram í skrifstofuforritum eða að kynna sér ýmsan hugbúnað sem tengist margmiðlun (myndvinnslu, hljóðvinnslu, vefsíðugerð, grunni í forritun).

Kennslugögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd. Microsoft Teams hópur.
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Ástundun nemenda er metin svo og fjöldi verkefni sem skilað er.

Áætlun:

Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	Námsefni - viðfangsefni	Kaflar/verkefni	Athugasemdir
1	Vinna með heimasvæði, prentun, flýtleiðir	Ýmis verkefni	
2	Tölvupóstur	Ýmis verkefni	
3	Office Online	Ýmis verkefni	Office.com
4	Fingrasetning	Ýmis verkefni	Typing.com
5	Google leit, textar og myndir	Ýmis verkefni	
6	Word Online	Texti + myndir Ýmis verkefni	
7	Excel Online	Sundatafla, útlit Ýmis verkefni	
8	PowerPoint Online	Texti + myndir Ýmis verkefni	
9	Word Online, texti og myndir	Ýmis verkefni	
10	Excel Online, formúlur, texti og tölur	Ýmis verkefni	
11	PowerPoint Online, texti og myndir	Ýmis verkefni Teiknimyndir	
12	Ritgerð í Word	Forsíða + ritun texta, fyrirsagnir	
13	Myndvinnsla		

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar